

Nd.

375. Nefndarálit

[122. mál]

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 3/1955, um skógrækt.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Hvers vegna er Ísland nær skóglaut? Það er af því, að loftslag og atvinnu-hættir eru óhagkvæmir fyrir trjágróður. Hér á landi þrífst ekki skógur nema í vissum byggðarlögum. Trjáplöntur vaxa tæpast nema hafa skjól og geta því varla gegnt því hlutverki að skýla öðrum gróðri. Þar sem kvikfjarrækt er stunduð, þarf tvöfaldar girðingar til þess að vernda trjáplönturnar. Á vetrum leggur snjó að og yfir slíkar girðingar, skepnur komast að trjáplöntunum og eyðileggja þær. Bændur hafa tæpast tíma til að halda við slíkum girðingum, trjáplönturnar kafna í grasi og hirðuleysi. Ákvæði um það að endurgreiða styrki til slíkra girðinga, ef þeim er ekki haldið við, eru hlægileg. Sú innheimta mundi ganga seint og illa. Hægt er að rækta skjólbelti þar, sem eingöngu er stunduð korn- og kartöflurækt. Þar þarf ekki nema einfaldar girðingar. Borgi sig að hafa skjólbelti á slíkum stöðum, geta menn gert það án mikils kostnaðar. Skógrækt hefur ekki verið stunduð á Íslandi af því, að það borgi sig fjárhagslega. Ef ekki er arðvænlegt fyrir einstaklinga að rækta skjólbelti án styrkja, þá borgar sig ekki fyrir ríkið að styrkja skjólbeltarækt. Það er og meir en vafasamt, hvort rétt er að læða því inn hjá mönnum, að ekkert sé hægt að gera og helzt megi ekkert gera án þess að fá styrki til þess frá ríkinu. Ég legg því til, að frumvarpið verði látið daga uppi, þrátt fyrir það, þó að ég viti, að auðveldara sé að segja já en nei.

Alþingi, 24. marz 1966.

Björn Pálsson.